



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáæltun Leikskóla LFA 2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
2.1	Innra mat.....	6
2.2	Ytra mat.....	7
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	8
4	Innra mat deilda 2024-2025	10
4.1	Innra mat Geislakots	10
4.2	Innra mat Fagrakots	11
4.3	Innra mat Bjartakots	13
4.4	Innra mat Sælukots	14
4.5	Innra mat Krakkakots	16
4.6	Innra mat Litlakots	17
4.7	Innra mat Krummakots	19
4.8	Innra mat Kríukots	20
5	Umbótaáætlun 2024-2025	22
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	23
6.1	Starfsþróunarsamtöl	23
6.2	Fræðsla.....	23
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.	24
8	Foreldrasamvinna.....	25
8.1	Foreldrafundir	25
8.2	Foreldrasamtöl.....	25
8.3	Foreldraráð	25
8.4	Foreldrafélag	25
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
9.1	Skipulagsdagar	25
9.2	Leikskóladagatal.....	26
		2





10	Fylgiskjöl	27
10.1	Leikskóladagatal 2025-2026.....	27
10.2	Umsögn foreldraráðs	28
11	Frá skóla- og frístundasviði.....	29
11.1	Um starfsáætlanir leikskóla	29
11.2	Mat á leikskólastarfi.....	30





1 Greinargerð leikskólastjóra

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af menntastefnu Reykjavíkurborgar, aðalnámskrá og skólanámskrá LFA. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum, rekstraraðila og skóla- og frístundasviði Reykjavíkur upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Í upphafi skólaársins hækkuðum við okkur um þrep í verkefninu okkar Betri vinnutími. Starfsfólk leysti út vinnustyttingu að $\frac{3}{4}$ hluta vikulega og safnaði upp $\frac{1}{4}$ til að leysa út síðar yfir skólaárið. Með nýjum kjarasamningum er vinnuvikan nú orðin 36 stundir í stað 40 og er það gríðarlega áskorun að finna jafnvægi yfir daginn með tillit til gæða menntunar og mönnunar í styttri vinnuviku.

Vinna við gerð nýrrar skólanámskrár er hafin. Verkáætlun hefur ekki staðist eins og lagt var upp með í fyrstu, en von bráðar lítur ný og endurbætt skólanámskrá dagsins ljós. Í vinnu sem þessari skapast raunverulegt tækifæri til að kafa djúpt í faglegt starf og ígrunda vel námsmarkmið og kennsluhætti. Með nýrri og metnaðarfullri skólanámskrá myndast rými til að efla skólastarfið í heild og vekja þann kraft sem í okkur býr í samstarfi við kennara og börn.

Regluleg fræðsla og námskeið voru yfir skólaárið með það að markmiði að styrkja og efla okkur starfsfólkið. Meðal þess var námskeið í slysavörnum og skyndihjálp barna sem og netnámskeið á vegum BOFS um kynferðisofbeldi fyrir þau sem starfa með 2-6 ára börnum. Þá sótti starfsfólk mötuneyta þar til gert námskeið.

Í mars sl. var gerð síðari viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi skólans og fengum við áframhaldandi jafnlaunavottun. Eins og áður var niðurstaða úttektarstjóra sú, að jafnlaunakerfi LFA ehf. uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Í úttektinni var ekki greint ósamræmi við kröfur ÍST 85:2012, hvorki í formi frávika né athugasemda.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og sveigjanlegt skipulag sem ýtir undir hæglæti, afslappað andrúmsloft og aukna gleði. Góð samskipti eru grunnurinn að vellíðan á vinnustað og starfsánægju. Mikilvægt er að rödd allra heyrist og að starfafólk upplifi jafnvægi í samskiptum sín á milli til að stuðla að góðum samskiptum og jákvæðri vinnustaðamenningu. Við leggjum ríka áherslu á faglega umönnun og kennslu sem og farsælt foreldrasamstarf. Samfélagið sem við höfum skapað hér er gott og við leggjum okkur fram við að vera samheldinn hópur barna, foreldra og starfsfólks.

Með tilhlökkun og metnaði fetum við áfram veginn í þá átt að mennta börn, standa ávallt með þeim, þeirra framtíð og velferð.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Mat á leikskólastarfi leggur faglegan grundvöll að endurbótum og tryggir að réttindi nemenda séu virt. Matið er tvíþætt, annars vegar er um að ræða svokallað „ytra mat“. Það er mat sem framkvæmt er af utanaðkomandi aðilum s.s. sveitarfélagi, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra. „Innra mat“ er hins vegar það mat sem skólar framkvæma sjálfir og er það einnig samofið daglegu starfi. Innra mat er samstarfsverkefni starfsfólks leikskólans og nemenda. Leitað er eftir sjónarmiðum um það sem vel er gert en jafnframt því sem betur má fara í leikskólastarfinu. Lögð er áhersla á að bregðast vel við ábendingum foreldra og umbætur.

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram. Í upphafi er ákveðið hvaða þætti skuli meta hverju sinni. Því næst er að safna saman gögnum sem varpa ljósi á þá þætti sem á að meta. Svo fer fram greining á þeim þáttum með tilliti til þeirra viðmiða sem lagt var upp með frá fyrra skólaári. Niðurstöður eru skoðaðar þ.e. hverjir styrkleikarnir eru og tækifæri til umbóta ígrunduð. Þegar niðurstöður liggja fyrir er gerð umbótaáætlun og vinna skipulögð út frá henni.



Símat er í TRAS vinnustundum og hópastarfi. Þá eru fylltur út þar til gerður skimunarlisti og skráningarblöð eftir hverja vinnustund til ígrundunar. Samantekt er svo í lok hverrar annar fyrir sig.

Fastur liður í daglegu starfi er svokallað óformlegt mat. Það fæst með því að hlusta eftir samtölum nemenda á milli sem og að eiga samtöl við starfsmenn, nemendur og foreldra þeirra. Stjórnendateymi hittast einnig daglega til að leggja drög að deginum og þá um leið eru metnir hinir ýmsu þættir starfsins sem umræða er um hverju sinni eins og hvað sé gott og vel gert, hvað mætti betur fara o.þ.h.

Mikilvægur þáttur í innra mati er álit og viðhorf nemendanna sjálfra. Dæmi um leiðir til að fá þá til að meta skólann sinn eru t.d. fundir, samtöl, ljósmyndir og skráning. Orðið hefur mikil vakning meðal alls starfsfólks um mikilvægi mats og skráninga.

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Innleiðing nýrra þátta aðalnámskrár í skólanámskrá
Hvernig fór matið fram?	Rýnt í gögn vetrarins og verkáætlun LFA vegna nýrrar skólanámskrár
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Enn er verið að vinna að nýrri skólanámskrá LFA þar sem nýjum þáttum Aðalnámskrár verða gerða góð skil

Hvað var metið?	Koma á fót teymi til að setja saman áætlun til að mæta Menntustefnu RVK
Hvernig fór matið fram?	Komst ekki til framkvæmdar vegna veikindaleyfa og fæðingarorlofs
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Komst ekki til framkvæmdar vegna veikindaleyfa og fæðingarorlofs
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Komst ekki til framkvæmdar vegna veikindaleyfa og fæðingarorlofs

Hvað var metið?	Aukið samstarf starfstöðva
Hvernig fór matið fram?	Rýnt í fundargerði vetrarins
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Framkvæmdarstjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Sameiginlegir stjórndafundir urðu tíðar og því fylgdi aukið upplýsingaflæði milli starfstöðva.

Hvað var metið?	Endurmenntun
Hvernig fór matið fram?	Samtöl við starfsmenn
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Hægt að er sjá aukinn áhuga starfsfólks á námi og námskeiðum tengdu leikskólastarfinu

Hvað var metið?	Stuðningur f. deildarstjóra
Hvernig fór matið fram?	Samtöl við deildarstjóra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Lögð hefur verið aukin áhersla á skráningar og áætlanagerðir og merkja stjórnendur aukna ábyrgðartilfinningu flestra deildarstjóra



2.2 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sendi út á vormánuðum rafræna könnun til foreldra. Markið slíkrar könnunar er að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, líðan og stuðning við nemandann sem og upplýsingaflæði og stjórnun. Svarhlutfall var gott.

Hvað var metið?	Foreldrakönnun RVK borgar
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun send á foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar barna með lögheimili í Reykjavík
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður heilt yfir benda til þess að foreldrahópurinn sé almennt ánægður með stjórnun og starfshætti leikskólans og telja barnið sitt öruggt í leikskólanum. Rýnt verður frekar í niðurstöður á nýju skólaári með tilliti til umbóta





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer, miðað við aldur og færni barna.

Stjórnun	
Umbótaþáttur/matsþáttur:	Skólanámskrá
Tækifæri til umbóta:	Skýr verkáætlun um skólanámskrá og notendavæn skólanámskrá
Aðgerðir til umbóta:	Fylgja áætlun og ljúka vinnu við skólanámskrá
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.janúar 2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Símat verður í ferlinu og að því koma leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og annað starfsfólk
Viðmið um árangur:	Aðgengileg og notendavæn skólanámskrá sem öll þekkja vel

Uppeldis og menntastarf,	
Umbótaþáttur	Menntastefnuteymi
Tækifæri til umbóta	Endurvekja vinnu um menntastefnuteymi inna leikskóla LFA ehf.
Aðgerðir til umbóta	Skýr ábyrgðarhlutverk og verkáætlun
Ábyrgð	Aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið '25-'26
Hvenær og hvernig á að meta?	Fundargerðir, samtöl við þau sem í teymi verða
Viðmið um árangur	Framkvæmdaráætlun teymis um menntastefnu Reykjavíkurborgar





Mannauður/leikskólabragur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Vinnustaðasamfélag
Tækifæri til umbóta:	Leggja aukna áherslu á hópefli og styrkja vinnusamfélagið til að viðhalda og auka starfsánægju
Aðgerðir til umbóta:	Símalausar samverustundir á kaffistofu reglulega og hópefli á starfsdögum
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið '25-'26
Hvenær og hvernig á að meta?	Starfsmannasamtöl vor 2026
Viðmið um árangur	Samskipti sem einkennast af gleði, jákvæðni, virðingu, samkennd og kurteisi. Aukin starfsánægja og skuldbinding til vinnustaðarins

Innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Aukin teymisvinna deildastjóra
Tækifæri til umbóta	Öflugri samvinna deildarstjóra þvert á deildir og aldur
Aðgerðir til umbóta	Samvinna deildarstjóra með auknum fundum
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið '25-'26
Hvenær og hvernig á að meta?	Símat
Viðmið um árangur	Deildarstjórar sem vinna í þéttnu teymi að gæðamenntun allra barna í leikskóla LFA.





4 Innra mat deilda 2024-2025

Deildarstjóri hvernar deildar lagði mat á umbótaætlun síðasta skólaárs og er matið birt hér að neðan.

4.1 Innra mat Geislakots

Styrkleikar

Skólastundir hafa gengið mjög vel og áhugi barnanna virtðist mikill. Tekist hefur að efla söngstundir og puluverkefnið sem var ábótavant. Mikið hefur verið unnið með spilamenningu á deildinni í vetur til að efla teymisvinnu, samkennd og hópavinnu.

Heilt yfir hefur skólaárið gengið vel og verið mjög ánægjulegt að sjá börnin taka framförum í þroska og fá aukið rými fyrir skoðanir sínar, áhuga og ákvarðanir.

Tækifæri til umbóta

Á deildinni eru 11 börn og eru stöðugildi í samræmi við fjölda. Veikindaleyfi, uppsagnir og starfsmannabreytingar einkenndu óstöðugleika fyrrihluta skólaársins. Það er því tækifæri til umbóta, sérstaklega ef barnafjöldi eykst og stöðugildi um leið. Það sem deildin þarf er stöðugleiki.

Hvað var metið?	Útikennsla
Hvernig fór matið fram?	Myndræn skráning.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjóri og starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Gönguferðir voru tíðari sem og útikennsla. Farið var í plokkefðir, vettvagnsferðir og á söfn.

Hvað var metið?	Blær
Hvernig fór matið fram?	Komst ekki til framkvæmdar.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Komst ekki til framkvæmdar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Komst ekki til framkvæmdar.

Hvað var metið?	Lífsgildin
Hvernig fór matið fram?	Horft til skráninga síðasta skólaárs.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjóri og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það tókst að hluta til að efla áhuga á lífsgildum en þó er enn rými til umbóta.





4.2 Innra mat Fagrakots

Styrkleikar

Á Fagrakoti gott samstarf á milli starfsfólks og jákvætt andrúmsloft. Starfið hefur gengið virkilega vel síðan í nóvember/desember. TRAS möppur eru útfylltar og almennt fara fram tvær skipulagðar málörvunarstundir á dag með barnahópnum. Hópastarf hefur gengið virkilega vel, börnin hafa unnið mörg verkefni og farið í vettvangsferðir með starfsfólki eftir að hlýna tók í veðri.

Tækifæri til umbóta

Næsta skólaár verða bæði Blær og Lubbi innleiddir í vikuskipulag. Hvort um sig verður þá tekið fyrir í samveru með börnunum einu sinni í viku. Til þess að hægt sé að ígrunda og hvetja starfsfólk til faglegs starfs inni á deild er stefnt á að hafa fleiri deildarfundi yfir skólaárið. Hægt er að nýta útiveru fyrir hádegi einu sinni til tvisvar í mánuði til þess að veita starfsfólki tíma fyrir stuttan fund.

Hvað var metið?	Útikennsla
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk og börn.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk deildarinnar og börnin.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þetta skólaár hefur útivera verið mun tíðari en áður. Gönguferðir hafa verið fleiri, börnin hafa farið í leiki og meira gert með þeim úti. Til þess að auka enn meira á þennan þátt þyrfti að innleiða betri skráningarleið, til dæmis með myndrænum skráningum og skipulögðum vettvangsferðum.

Hvað var metið?	Vináttuverkefnið Blær
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk deildarinnar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Börnin hafa áhuga og taka almennt virkan þátt í blæstundum sem hafa farið fram í samverustundum fyrir matartíma. Það þarf að bæta þessum stundum inn í vikuskipulag deildarinnar svo þeim sé fylgt eftir.





Hvað var metið?	TRAS vinnustundir
Hvernig fór matið fram?	Deildarstjóri og starfsfólk deildar. Skráning í möppur.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	TRAS-stundir fóru fram vikulega og gengu almennt vel. Flest starfsfólk náði að fylla alveg út í möppurnar sínar og deildarstjóri hefur síðan í desember náð að viðhalda TRAS-skráningu mánaðarlega. Ef veikindi koma upp og vikulegt TRAS verkefni er ekki klárað má nýta lausan tíma næstu daga til að ljúka því. Hver starfsmaður er með sinn hóp og heldur utan um skráningu sinna verkefna.

Hvað var metið?	Börn fá hlutverk sem efla þau, t.d. barn vikunnar (menntast. RVK). Hjá okkur: Umsjónarmaður dagsins og veðurfræðingur dagsins.
Hvernig fór matið fram?	Starfsfólk hélt skráningu um hvaða barn ætti hlutverkið hvern dag.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Gekk vonum framar og hefur eflt sjálfstæði barnanna. Þeim finnst mjög skemmtilegt að fá að hafa ábyrgðarhlutverk. Umsjónarmaður dagsins fær að fara með starfsmanni fram að sækja vagninn og aðstoðar svo við að leggja á borð. Veðurfræðingur dagsins fær að gefa krökkunum ávexti í ávaxtastund og fara yfir veður dagsins eins hvaða viku- og mánaðardagur er.



4.3 Innra mat Bjartakots

Styrkleikar

Hópastarf gekk vel og voru börn áhugasöm og virk. Þá var einnig lýðræði virkjað til muna í starfsháttum á deildinni.

Tækifæri til umbóta

Það eru alltaf tækifæri til umbóta og á komandi skólaári verður lögð áhersla á að þróa TRAS og Blæ enn frekar auk þess sem mikill áhugi er meðal barna og starfsfólks að koma af stað Bókaormi.

Hvað var metið?	Hópastarf
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk deildar og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Börnin sýna hópstarfinu oftast mikinn áhuga og eru dugleg að taka þátt. Listasýning gekk vel og var næg verkefni á sýningunni. Starfsmenn mættu sýna meira frumkvæði í hópstarfi og sinna því allar jafnmikið.

Hvað var metið?	Blær
Hvernig fór matið fram?	Nótur deildarstjóra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjóri og starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Vináttufundum má fjölga og gæta þarf þess að Blær eigi sinn fasta stað/heimili á deildinni.

Hvað var metið?	Lubbi
Hvernig fór matið fram?	Nótur deildarstjóra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjóri.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Lubbastundir voru nýtt verkefni fyrir deildina í vetur og sýndu börnin minn áhuga. Þess vegna hefur verið ákveðið að þróa vinnuna enn frekar fyrir börnin á Bjartakoti.



Hvað var matið?	Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni (Mst. Rvk)
Hvernig fór matið fram?	Nótur deildarstjóra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk deildar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Gekk ágætlega. Börnin höfðu meira val um leikefni og lýðræði aukið. Útivera hefur aukist og gæði hennar um leið en gönguferðir hefðu mátt vera tíðari.

Hvað var matið?	Börn fá hlutverk sem efla þau, t.d. barn vikunnar (mst. RVK)
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk deildar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Stefnan var sett á að hafa Bókaorm á deildinni í vetur en það komst því miður ekki til framkvæmdar. Stefnan er því sett á að virkja vinnu í kringum bókaorm enn frekar næsta haust.

4.4 Innra mat Sælukots

Á þessu leikskólaári höfum við lagt áherslu á að skapa öruggt, hlýlegt og örvandi umhverfi þar sem hvert barn getur þrífist og þroskast á eigin hraða. Starfsemi okkar hefur miðast við að styðja við helstu þroskætti á þessum mikilvæga aldri.

Styrkleikar

Lögð er áhersla á hlýlegt, öruggt og kærleiksríkt umhverfi. Mikil áhersla hefur verið lögð á að byggja upp traust tengsl við hvert barn. Starfsfólkið hefur sýnt mikla umhyggju og fagmennsku í starfi sínu. Starfsfólkið er fært um að lesa í þarfir hvers barns og veita persónulega athygli, sem styður við einstaklingsmiðaðan þroska. Reglulegt upplýsingaflæði og samráð við foreldra hefur tryggt gott samstarf og gagnkvæman skilning. Samskipti milli deilda og stjórnenda leikskólans eru góð og hafa stuðlað að samræmdu starfi.

Börnin taka mikinn þátt í sköpun, tónlist, hreyfingu og útiveru og það styður við þroska þeirra á fjölbreyttan hátt. Málörvun fer fram í gegnum lestur, söng og daglegt samtal. Það hefur skilað sér í góðum framförum í málþroska barnanna á deildinni.





Tækifæri til umbóta í starfi

Álag getur verið töluvert á starfsfólki, sérstaklega á ákveðnum tímum dags eða vegna veikinda starfsfólks, sem getur haft áhrif á getu til að veita stöðuga þjónustu. Þó að vandað sé til verka er mikilvægt að stuðla gegn álagi með einhverjum lausnum.

Hvað var metið?	Lubbi
Hvernig fór matið fram?	Skráningblað og metið eftir starfsmannafund.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólkið, barnið og foreldrarnir.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsmenn þekkja skyldur sínar, börnin sýndu áhuga og foreldrar hjálpuðu og tóku þátt. Veikindi hjá starfsfólki og fara stundum ekki eftir plani. Tækifæri til umbóta: Búa þarf til varáætlun ef starfsfólk er veikt svo hægt sé að gera allt sem á að gera.

Hvað var metið?	Lífsgildi
Hvernig fór matið fram?	Metið á starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk, börnin og foreldrarnir.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Vel gengur að fá börnin til að skilja hugtökin, eins og t.d. hjálpssemi og kurteisi og þau hafa sýnt það í umgengni hvert við annað. Tækifæri til umbóta: Nota meira myndræn tákn og lesa meira og tala við þau.

Hvað var metið?	Hópastarf
Hvernig fór matið fram?	Með skráningu og starfsmannfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólkið og börnin.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólkið er vel undirbúið og er með plan fyrir hvern mánuð og fylgjum því vel. Börnin sýna mikinn áhuga. Veikleiki er helst veikindi og stundum detta út verkefni sem við ætlum að gera. Umbætur: Bæta við varáætlun þegar um veikindi er að ræða og þal. álag.



4.5 Innra mat Krakkakots

Styrkleikar

Tras-vinnustundir gengu sérstaklega vel, starfsandi var góður og jákvæður og verkefnum vel sinnt. Hópastarf gekk vel, hvert þema var vel skoðað og mátti skynja augljósan áhuga hjá börnunum. Útiveran hélt áfram að ganga vel, og mátti merkja áhuga og metnað alls starfsfólks.

Heilt yfir gekk starfið mjög vel þetta skólaár þó eðlileg veikindi hafi komið upp þá hafa þau sem frísk eru og verið í vinnu tekið á móti þeim áskorunum sem fylgja undirmönnun með jákvæðnina að vopni.

Samvinna var góð á síðasta ári. Flest mættu vel og voru jákvæð í starfi.

Tækifæri til umbóta

Vináttuverkefni Barnaheilla um bangsann Blæ þarf að virkja betur og mikilvægt að leita lausna til þess. Þá mætti einnig fjölga vettvangsferðum og gönguferðum.

Hvað var metið?	Blær
Hvernig fór matið fram?	Samtal við börn og starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Sinna þarf þessu verkefni mun betur. Börnin eiga og þekkja sinn Blæ en vináttufundir voru fáir í vetur.

Hvað var metið?	Samskipti við börnin
Hvernig fór matið fram?	Samtal við börn og starfsfólk. Deildarstjóri fylgdist með daglegum samskiptum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Samskipti við barnahópinn hafa tekið framförum og er börnunum er sýnd enn meiri virðing og hlýja í daglegum samskiptum.



Hvað var metið?	Börn fá hlutverk sem efla þau, t.d. barn vikunnar (menntast. RVK)
Hvernig fór matið fram?	Var ekki sinnt.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Borðþjónn vikunnar er verkefni sem fór af stað á vorönn sem og bókaormur. Hvort tveggja gekk vel og mátti merkja áhuga og gleði hjá barnahópnum.

Hvað var metið?	Útivera/ Útikennsla Frekari umbætur
Hvernig fór matið fram?	Samtal við börn, starfsfólk og yfirmenn.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Útivera jókst til muna. Farið var út daglega nema ef veður var of slæmt. Einnig var reglulega farið í göngutúra yfir í Korpukot. Má bæta við göngutúrum utan leiksvæðis.

4.6 Innra mat Litlakots

Styrkleikar

Góður starfsandi ríkti á deildinni í vetur og tókst starfsfólki að leysa úr einstökum vandamálum með samvinnu. Samskipti við börnin einkennast af hlýju og virðingu fyrir þörfum hvers og eins og leggur starfsfólk sig fram við að lesa í hegðun barna og túlka þarfir þeirra.

Tækifæri til umbóta

Á miðju skólaári urðu breytingar á deildinni er varða deildarstjórn og afleysingu í þá stöðu. Það sem deildin þarf er stöðugleiki.

Hvað var metið?	Samvera
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk. Eftirfylgni.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Börnunum fannst gaman í samverustundum. Auka mætti fjölbreytni samverustundanna með notkun á samverukössunum.





Hvað var metið?	Hópastarf
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk. Myndræn skráning.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Viðfangsefni í hópastarfi fangar áhuga barnanna. Hugmyndamappa er til, en það má auka við efni í hana um leið og nýjar hugmyndir koma fram.

Hvað var metið?	Hringekja/stöðvar
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Með stöðvavinnu er lýðræði ungra barna aukið með því að þau hafa val um það sem þau vilja gera hverju sinni. Það er alltaf gott að hafa hafa smærri barnahópa. Á deildinni mætti það vera oftast gert.

Hvað var metið?	Börn fá hlutverk sem efla þau
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk, eftirfylgni.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólk gaf sér tíma til þess að tala við börnin og spyrja þau um skoðanir á ýmsu m.t.t. aldurs og þroska.

Hvað var metið?	Útivera/útikennsla
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk, foreldra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk, börn og foreldrar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Útivera hefur aukist til muna og er farið út í allskonar veðri. Sjá má vel á barnahópnum gleðina sem fylgir útiveru og ánægðan foreldrahóp.





4.7 Innra mat Krummakots

Styrkleikar

Útivera og hreyfing gekk vel. Farið var út nánast á hverjum degi. Fjaran er í næsta nágrenni skólans og er mikið farið þangað sem og í göngutúra um nágrennið.

Blær í samveru. Við fórum af stað með skemmtilegt verkefni milli heimilia og skólans, stóri Blær fór í helgarheimsóknir til allra barnanna á deildinni frá febrúar til júní 2025. Börnin fengu bakpoka sem innihélt stóra Blæ og bók, foreldrar skrifuðu það sem börnin gerðu með Blæ í helgarfríinu, ásamt því að þau skreyttu blaðsíðurnar með myndum af börnunum með Blæ með sér í allskonar aðstæðum. Bókin er svo lesin í samveru vikulega og fær barnið sem fór heim með Blæ þá helgi sérstakan stað í samveru þegar sagan er lesin. Samstarfs milli heimilia og skólans fór fram úr væntingum okkar. Við munum endurtaka leikinn á nýju skólaári.

Umsjónamenn. Verkefnið fór vel af stað, börnin nutu sín í hlutverkinu. Við tókum eftir að þetta efldi sjálfstraustið hjá þeim.

Tækifæri til umbóta

Lubbastundir. Lubbi og verkefni tengd Lubbastundum þyrfti að vera sýnilegri inni á deild. Stækka starfið í kringum Lubba. Búið er að setja upp Lubbahillu, sem er sýnileg öllum. Með málhljóðakössum sem við erum spenntar að byrja að vinna með.

Föndur. Ég [deildarstjóri] vil að við séum duglegri að föndra og skapa. Í haust verður það mál tekið í gegn. Koma skipulagi á innimanneskju, ganga frá deildinni á meðan útiveru stendur og í lok dags.

Hvað var metið?	Útivera
Hvernig fór matið fram?	Samtal starfsfólks.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Börnin og starfsfólk hafa gott af útiveru. Börnin ná meiri ró fyrir hádegismat og hvíld eftir orkulosandi útiveru. Garðurinn okkar býður upp á svo margt, eins og t.d litlar skógarferðir, hreyfiproskinn nýtur góðs af því. Það má nýta barkgarðinn betur og skipuleggja fleiri vettvangsferðir í nágrennin.





Hvað var matið?	Hópastarf
Hvernig fór matið fram?	Samtal við börn og starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Börnin njóta sín vel í minni hópum. Við náum að rækta félagsþroskann vel í hópavinnu. Það má finnússa hópastarfið – mögulega að gera vikuplan.

4.8 Innra mat Kríukots

Styrkleikar

Útivera hefur gengið vonum framar, höfum farið í göngutúra í nágrenninu. Við fórum af stað með skemmtilegt verkefni milli heimilis og skóla. Stóri Blær fór í helgarheimsóknir allra barna á deildinni frá febrúar – júlí. Börnin fengu bakpoka sem innihélt stóra Blæ og bók þar sem foreldrar skrifuðu hvað barnið gerði með Blæ í helgarfríinu ásamt því að þau skreyttu blaðsíðurnar með myndum af Blæ í helgarfrí með viðkomandi barni. Það hefur gengið vel í samveru að hafa stóra Blæ. Bókin er svo lesin í samveru vikulega og fær barnið sem fór heim með Blæ þá helgi sérstakan stað í samveru þegar saga barnsins er lesin. Samstarfs milli heimilis og skóla fór fram úr væntingum okkar. Við munum endurtaka leikinn á nýju skólaári.

Tækifæri til umbóta

Vera duglegri að fara í Lubbastundir í hverri viku fyrir sig í samveru, erum komin með Lubbahillu sem er sýnileg öllum með málhljóðakössum fyrir öll hljóðin sem við erum spennt að byrja nota. Meira skipulag í kringum Lubba og hafa hann sýnilegri heldur en hann er. Vera með meira skipulag í kringum föndur og koma með fleiri hugmyndir eftir þeirra eigin getustigi. Fjölbreyttara föndur sem höfðar til þeirra. Halda áfram með verkefnið Blær fer í heimsókn.





Hvað var metið?	Útivera
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstaðan var sú að útiveran gerir dagamun hjá starfsfólki og börnum. Allir sátir að fara út á morgnana og enda jafnvel daginn úti. Börnin fá aukna útrás og aukið sjálfstæði með því að finna sig í útveru og gera hluti sem þau vilja sjálf í leik. Skapið hjá börnunum verður jafnara yfir daginn með aukinni útiveru. Erum búin að vera dugleg að nýta líka skólalóðina á bakvið leikskólann þar sem krakkarnir fá að njóta sín í móa og skoða betur umhverfið í kringum sig. Hafa skipulagningu á að fara í vettvangsferðir, fjöruferðir, göngutúra og annað. Svo að börnin upplifi umhverfið í kringum sig en ekki bara leikskólalóðina.

Hvað var metið?	Samvera
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Samvera virtist fanga áhuga barnanna og fannst starfsfólki gaman að taka samveru með stóra Blæ og lesa söguna fyrir börnin. Áhugi á Blæ varð meiri eftir að hann fór heim með hverju barni fyrir sig. Börnin þekktu til hans meira. Halda þessu verkefni áfram og fara með þetta verkefni af stað í nýjan barnahóp.

Hvað var metið?	Umsjónarmenn
Hvernig fór matið fram?	Samtal við starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og börn.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Prófaði í viku, gekk ekki. Væri hentugra að nota umsjónarmenn því eldri sem þau verða. Fannst ekki hentugt að nota umsjónarmenn með eins lítil börn og ég var með á þeim tíma.





5 Umbótaáætlun 2024-2025

Deild/aldur barna	Allur leikskólinn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein-Málörvun.
Tækifæri til umbóta	Virkja verkefnið Lubbi finnur málbein á öllum deildum leikskólans.
Aðgerðir til umbóta	Virkja þann grunn sem lagður hefur verið með Lubbi finnur málbein á öllum deildum leikskólans og þróa verkefnið enn frekar fyrir eldri börn.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Símat, myndræn skráning og samtöl.
Viðmið um árangur	Lubbi er sýnilegur og stór þáttur í starfi allra deilda leikskólans. Börnin þekkja Lubba og málhljóðin vel og starfsfólk þekkir verkefnið, þróar það áfram og vinnur með það af öryggi.

Deild/aldur barna	Allur leikskólinn
Umbótaþáttur/matsþáttur	Fjölménning.
Tækifæri til umbóta	Að gera fjölménningarsamfélaginu sem við búum í hærra undir höfði.
Aðgerðir til umbóta	Fagna þjóðhátíðardögum allra barna sem dvelja í leikskólum LFA.
Ábyrgð	Deildarstjórar og stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið 2025-2026
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarstjórafundum með samtölum og myndrænum skráningum.
Viðmið um árangur:	Að öll börn upplifi að þjóðerni og menningu þeirra sé gert hátt undir höfði.





Deild/aldur barna	Allur leikskólinn
Umbótapáttur/matspáttur	Reglur leikskólans eru skýrar og öll börn taka þátt í að móta þær, m.t.t. til aldurs og þroska.
Tækifæri til umbóta	Gera reglur sýnilegri börnunum og leyfa þeim að hafa áhrif á þær.
Aðgerðir til umbóta	Setja saman leikskólareglur með öllum börnum leikskólans m.t.t. aldur og þroska. Gera reglur sýnilegar og myndrænar til að börnin viti til hvers er ætlast með reglum skólans.
Ábyrgð	Deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustönn 2025
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarstjórar og stjórnendur meta með samtölum við börnin.
Viðmið um árangur:	Að öll börn upplifi að skoðanir þeirra skipti máli og að leikskólinn sé þeirra en um leið að virðing sé borin fyrir öllum sem innan hans eru í leiks og starfi með skýrum reglum og tillitssemi.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.

6.1 Starfsþróunarsamtöl

Það er stefna LFA að stjórnendur séu aðgengilegir og starfsfólk geti ávallt leitað til þeirra til að ræða málefni sem brenna á hverjum og einum, eða jafnvel einungis að koma aðeins við á skrifstofunni til að spjalla. Stjórnendur veita svokölluð umhyggjusamtöl og halda utan um þau skráningar, telji þeir þörf á.

Að auki við árleg starfsþróunarsamtöl er hafður sá háttur á að annað hvert ár fái deildarstjórar starfsfólk viðkomandi deilda í starfsþróunarsamtal og leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eigi samtál við deildarstjóra og starfsfólk sem starfar utan deilda.

6.2 Fræðsla

Endurmenntun og fræðsla er sjálfsögð og nauðsynleg. Allt starfsfólk er hvatt til að sækja sér hana óháð kyni. Öll leggjast á eitt um að gera samstarfsfólki sínu kleift að sækja sér nýja þekkingu. Leikskólinn uppfyllti símenntunaráætlun frá fyrra skólaári að því marki sem námskeið voru haldin og mönnun leyfði.





Eftirfarandi símenntun átti sér stað á liðnu skólaári.

- Fyrirlestur um hegðun og viðbrögð. Austurmiðstöð. Allt starfsfólk, sept 2024
- Námskeið í vinnurétti. Vinnumarkaðssvið SA og Samtök sjálfstæðra skóla. Stjórnendur. Október 2024
- Skyndihjálpar ungra barna. Allt starfsfólk. Janúar 2025
- ADHD og leikskólinn. Sérkennsluteymi. Apríl 2025
- Námskreið um kynferðisofbeldi fyrir þau sem starfa með 2-6 ára börnum. BOFS. Allt starfsfólk. Maí 2025
- Námskeið fyrir starfsfólk mótuneyta og eldhúsa. Sýni. Allt starfsfólk mótuneyta. Maí 2025
- Menntastjórnun og matsfræði, viðbótardiplóma. Háskóli Íslands. Aðstoðarleikskólastjóri sept 2024 - maí 2025

Eftirfarandi símenntum hefur nú þegar verið skipulögð og stefnt er að:

- Íslenski þroskalitinn-Deildarstjórar
- Smábarnalistinn-Deildarstjórar
- TRAS-réttindanámskeið-Deildarstjóri

Leikskólakennarafræði. Háskóli Íslands. Einn starfsmaður

Leikskólaliðanám. Borgarholtsskóli. Þrír starfsmenn

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Vegna staðsetningar Fossa- og Korpukots og búsetu nemenda hefur ekki verið skipulagt samstarf við grunnskóla. Stefnt er ávallt að því að vera í samstarfi við grunnskólana og fylgjast að í heimsóknir með leikskólum hverfisins í samvinnu við foreldra. Bakkakot er í íbúahverfi og gert er ráð fyrir samstarfi við grunnskóla hverfisins í náinni framtíð.

Leikskólinn boðar til skilafundar þegar barn hefur notið sérkennslu, einnig ef þess er sérstaklega óskað. Leikskólastjóri eða sérkennslustjóri sendir með leyfi foreldra/forráðamanna greinargóðar upplýsingar og önnur gögn sem talin eru nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar skólagöngu nemanda til viðkomandi grunnskóla í maí/júní ár hvert. Á komandi skólaári verður sá háttur hafður á að hverju og einu barni verður skilað yfir á næsta skólastig með þar til gerðu eyðublaði og þess gætt að einungis upplýsingar sem sem taldar eru nauðsynlegar fyrir skólastarfið og velferð barnsins komi fram.

Afrit af forsiðu TRAS og HLJÓM-2 fylgir hverju barni yfir á næsta skólastig.





8 Foreldrasamvinna

8.1 Foreldrafundir

Kynningarfundur foreldra nýrra nemenda er haldinn í maí/júní ár hvert og nú síðast 26 og 27. maí. Markmið fundarins er að hefja samstarf milli heimilis og leikskóla, leggja grunn að gagnkvæmum kynnum ásamt því að miðla helstu upplýsingum um starf okkar hér í leikskólanum, ferli aðlögunar og spurningum frá foreldrum svarað.

Að hausti er almennur foreldrafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt. Þar kynna deildarstjórar starf hvernar deildar fyrir sig auk þess að megináhersluatriðum leikskólans eru gerð góð skil. Á þeim fundi er einnig kosið í foreldraráð og foreldrafélag.

8.2 Foreldrasamtöl

Foreldrar eru boðaðir í samtöl einu sinni á hvorri önn þ.e. í nóvember og mars/apríl. Í samtölum sem þessum er farið er yfir almennan þroska og líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrum stendur ávallt til boða og eru hvattir til að leita til okkar og fá slíkt samtal umfram þessi skipulögðu foreldrasamtöl.

8.3 Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskóla LFA ehf. Það er kosið í ráðið á foreldrafundi í október ár hvert. Í ráðinu sitja foreldrar barna í hverri starfsstöð auk leikskólastjóra. Foreldraráðið starfar nær einungis í gegnum tölvupóstssamskipti. Samstarf foreldraráðs og leikskólastjóra hefur verið farsælt.

8.4 Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur það markmið að virkja samstarf heimilis og leikskóla með ýmsum viðburðum. Stjórn foreldrafélagsins einsetur sér að skipuleggja öflugt og gjöfult starf, þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Foreldrafélögin eru starfrækt fyrir hverja starfsstöð fyrir sig. Við fengum til okkar jólaleikskýningu og skemmtiatriði á sumaráttum. Auk þess taka foreldrafélögin þátt í vináttuverkefni okkar með kaupum á Blæ-böngsum fyrir nemendur.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

9.1 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru sex yfir skólaárið. Hver mínúta hefur ávallt verið vel nýtt á þessum dögum til að komast m.a. yfir nauðsynlegt skipulag er varðar leikskólastarfið og samræma og kynna nauðsynlega verkferla er varða öryggi allra sem hér eru við leik og störf. Skipulagsdagar eru að hausti, um áramót, dymbilviku og að vori.





Á hverju vori setjast deildarstjórar niður ásamt stjórnendateymi leikskólans og sérkennslustjóra og meta liðið skólaár, renna yfir og samþykkja skóladagatal og huga að skólaþróun og efla um leið það lærdómssamfélag sem þetta teymi er.

9.2 Leikskóladagatal

Stjórnendateymi leikskólans setur saman leikskóladagatalið. Við skipulagningu er lýðræði haft að leiðarljósi og hlustað eftir óskum barna, foreldra og starfsfólks þegar viðburðir og aðrir þættir eru skráðir inn. Deildarstjórar allra deilda lesa yfir og samþykkja dagatalið áður en það er gefið út.

Gert í Reykjavík 18. júlí 2025

Kristín Björk Viðarsdóttir
Leikskólastjóri LFA ehf.





10 Fylgiskjöl

10.1 Leikskóladagatal 2025-2026

Nafn leikskóla:

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Samband íslenskra
sveitarfélaga

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 Þ	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 S	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ
8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 S	10 M	10 F	10 M	10 Þ	10 L	10 S	10 S	10 F	10 S	10 M	10 F
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 M	11 S	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 Þ	12 L	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 L	13 M	13 F	13 Þ	13 M	13 L	13 F	13 M	13 M	13 M	13 L	13 M
14 F	14 S	14 M	14 Þ	14 S	14 M	14 L	14 L	14 F	14 F	14 L	14 Þ
15 F	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 Þ	17 L	17 S	17 S	17 F	17 S	17 M	17 F
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 M	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 L	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 Þ	19 L	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 F	20 Þ	20 M	20 S	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 F	21 S	21 M	21 Þ	21 L	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 M	23 Þ	23 L	23 S	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
24 S	24 M	24 F	24 M	24 Þ	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 M	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M	27 F	27 Þ	27 L	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 M	28 Þ	28 M	28 S	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 M	29 L	29 Þ	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 L	30 F	30 F	30 Þ	30 L	30 Þ	30 F
31 S	31 M	31 F	31 L	31 Þ	31 S	31 M	31 M	31 F	31 S	31 F	31 F



10.2 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Reykjavík, 13. ágúst 2025

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans Skólaárið 2025-2026

Foreldraráð leikskóla LFA, Bakkakots, Fossakots og Korpukots hefur kynnt sér greinagerð leikskólastjóra og starfsáætlun fyrir skólaárið 2025-2026.

Foreldraráð telur að áherslur starfsáætlunarinnar séu í samræmi við starf leikskólanna á síðasta ári. Gert er grein fyrir þeim þáttum sem ekki hefur tekist að útfæra að fullu, meðal annars vegna manneklu, sem gefur raunhæfa og heiðarlega mynd af starfinu. Áherslur í umbótaáætlun tekur mið af aldri og þroska barna innan deilda, áherslur á lýðræði í leik og starfi, Tras-vinnustundir, útiveru/útikennslu, vináttu verkefnið blær og lubbi finnur málbein sem er hluti af markvissri málörvun. Starfsáætlunin endurspeglar áframhaldandi áherslur á lífsgildi og fjölmenningu. Haldið er áfram með umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum innra mats, og áherslurnar eru rýndar með skýrum og markvissum hætti.

Starfsáætlunin er aðgengileg og vel uppsett. Hún er skrifuð á skýru og auðskiljanlegu máli, og stuðlar þannig að betri upplýsingamiðlun til foreldra. Foreldraráð telur mikilvægt að mikilvægar upplýsingar séu settar fram á einfaldan og greinilegan hátt.

Starfsáætlunin veitir góða innsýn í starf leikskólans og sýnir hvernig markmið og gildi eru útfærð í daglegu starfi.

Foreldraráðið hefur ekki athugasemdir við starfsáætlunina en leggur til að auka upplýsingaflæði með mánaðarlegum/vikulegum tölvupóstum til foreldra yfir skólaárið.

Foreldraráð LFA, þakkar leikskólastjóra og starfsfólki fyrir faglegt og vandað starf og hlakkar til áframhaldandi góðs samstarfs á komandi skólaári.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Aldís Gróa Sigurðardóttir
Ásdís Erna Guðmundadóttir
Helga Dögg Yngvadóttir
Rósey Ósk Stefánsdóttir

Rósey Ósk Stefánsdóttir
Helga Dögg Yngvadóttir
Aldís G. Sigurðardóttir
Ásdís E. Guðmundadóttir



11 Frá skóla- og frístundasviði

11.1 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



11.2 Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



